

MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI
ÍSLENSKA 2A040
HAUSTÖNN 2011 – 2. BEKKUR

Kennarar: Arnar Már Arngrímsson arnar@ma.is, (C) Gunnhildur Ottósdóttir got@ma.is (U), Sigríður Steinbjörnsdóttir sst@ma.is (A, B, Y) og Stefán Þór Sæmundsson stefan@ma.is (X), Valdimar Gunnarsson valdimar@ma.is (D,T)

Áfangalýsing:

Grunnþættir áfangans eru ritun, munnleg tjáning, lestur, bókmenntagreining, saga málsins og málstefna. Til þess að ná þessum markmiðum skal nemandinn gera útdrætti og endursagnir. Hann mun þjálfast í framsögn og lestri ólíkra texta. Til þess að efla nemandann í lestri og framsögn skal hann fræðast um hljóðmyndun og tengsl tals og tjáningar. Þá mun hann þjálfast í að meta og greina smáar og stórar sögur.

Markmið:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- hljóðfræði og hljóðmyndun nútímamáls
- meginþáttum í sögu íslensks máls og málstefnu
- eðlisþáttum smásagna og skáldsagna
- undirstöðuatriðum í framsögn, framkomu og upplestri ritaðs máls
- gildi þess að skrifa margvíslega texta, meðal annars útdrátt og endursögn

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- flytja mál sitt frammi fyrir áheyrendum
- greina bókmenntir og beita grunnhugtökum við það
- greina aðalatriði í texta

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- koma fyrir sig orði á viðeigandi hátt
- gera grein fyrir skoðunum sínum og annarra
- skrifa útdrætti, endursagnir
- lesa bókmenntir sér til gagns og geta greint öðrum frá því
- meta málnotkun og taka afstöðu til hennar

Námsefni:

- Gísli Skúlason. 2008. **Hagnýt skrif**. Mál og menning, Rvík. (Bók frá 1. bekk notuð áfram.)
- Höskuldur Þráinsson. 1995. **Handbók um málfræði**. Námsgagnastofnun, Rvík
- Kaflar úr **Snorra-Eddu** og þjóðsögur. Vefútgáfa á efni Snorra-Eddu (Snerpa.is)
- Kristín Steinsdóttir. 2010. **Ljósa**. Vaka-Helgafell, Reykjavík
- **Málsaga** (Ljósritað hefti selt í afgreiðslu MA.), MA 2011.
- Smásögur og þjóðsögur

Kennsluáætlun

Vika	Efni	Lestur	Verkefni
1. vika (15.-16. sept.)	Kynning á áfanga. Hljóðfræði og tjáning	<i>Málsöguhefti</i> bls. 43-51	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur æfa upplestur heima
2. vika (19.-23. sept.)	Málhljóð, áherslur og hljómfall	<i>Málsöguhefti</i> bls. 52-61. <i>Handbók um málfræði</i> , bls. 181-184	<ul style="list-style-type: none"> Verkefni Greining á íslensku í fjölmiðlum. Munnleg skil (10%)
3. vika (26.-30. sept.)	Hljóðmyndun. Kaflar úr Snorra-Eddu	<i>Handbók um málfræði</i> , bls. 184-190	Umræður um skýran/óskýran framburð Upplestur/framsögn
4. vika (3.-7. okt.)	Mállýskur	<i>Handbók um málfræði</i> , bls. 190-194	<ul style="list-style-type: none"> Útdráttur (5%)
5. vika (10.-14. okt.)	Skyldleiki tungumála	<i>Málsöguhefti</i> bls.6-10 <i>Handbók um málfræði</i> , bls. 326-327	<ul style="list-style-type: none"> Verkefni
6. vika (17.-21. okt.)	Forsaga íslensks máls	<i>Málsöguhefti</i> bls.11-15 <i>Handbók um málfræði</i> , bls. 328-333	<ul style="list-style-type: none"> Verkefni
7. vika (26.-28. okt.)	Íslensk málsaga Kaflar úr Snorra-Eddu	<i>Málsöguhefti</i> bls. 16-27	<ul style="list-style-type: none"> Verkefni/endursögn
8. vika (31. okt.-4. nóv.)	Íslensk málstefna	<i>Málsöguhefti</i> bls. 28-32 <i>Handbók um málfræði</i> , bls. 305-311,	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur kynna íslenska málstefnu. Útdráttur (5%)
9. vika (7.-11. nóv.)	Endurnýjun orðaforðans	<i>Málsöguhefti</i> bls. 33-42 <i>Handbók um málfræði</i> , bls. 255-258	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur safna efni í nýja Slangurorðabók
10. vika (14.-18. nóv.)	Sagnagerð – skáldsögur og smásögur	Sameiginleg smásaga. Lestur á Ljósu hefst.	<ul style="list-style-type: none"> Hópverkefni Lestrardagbók (Ljósa)
11. vika (21. – 25. nóv.)	Ljósa -smásögur	Ljósa Smásaga	<ul style="list-style-type: none"> Lestrardagbók (Ljósa) Smásagnaverkefni (Moodle.ma.is)
12. vika (28. nóv. – 2. des.)	Ljósa -smásögur	Ljósa Smásaga	<ul style="list-style-type: none"> Lestrardagbók skilað Smásagnaverkefni (Moodle.ma.is)
13. vika (5.-9. des.)	Ljósa	Ljósa	<ul style="list-style-type: none"> Unnið með Ljósu
14. vika (12.-16. des.)	Ljósa	Ljósa	<ul style="list-style-type: none"> Bókmenntaritgerð skilað (10%)
15. vika (19. des.-6. jan.)	Smásögur	Smásagan mín	<ul style="list-style-type: none"> Smásagnaverkefni (Moodle.ma.is)
16. vika (9.-10. jan.)		Samantekt og uppgjör	

Námsmat:

Framsögn og greining á ísl. nútímamáli 10%

Útdrættir 10%

Bókmenntaritgerð úr Ljósu 10%

Vinnubók og ástundun 15%

Haustannarpróf úr smásögum og málsögu 55%

<p>Öll verkefni fara í vinnubók og geta nemendur átt von á því að kennari kalli hana inn með skömmum fyrirvara.</p>
--

Nemendur eru hvattir til að mæta vel lesnir og undirbúnir í tímana og fylgja kennsluáætlun. Með því móti verður námið markvissara og auðveldara. Þeir eru jafnframt hvattir til að gera sér góðar glósur, enda er námsefni til prófs annars vegar það sem lesa má á bók og hins vegar það sem kennarar leggja inn í kennslustundum. Í þessu skyni er ætlast til að nemendur safni glósum og verkefnum í **vinnubók** (vægi 15%) sem þeir skila kennara þegar hann óskar eftir því (það skal tekið fram að hluti vinnubókar getur verið á Moodle). Ástundun, frammistaða í tímum og heimanám reiknast einnig inn í vinnubókareinkunn. **Skiladagar verkefna sem gilda til einkunnar geta verið mismunandi eftir bekkjum.**

Með von um ánægjulegt samstarf,
Arnar, Gunnhildur, Sigríður, Stefán Þór og Valdimar